

Spilahallir, frh. 1. umræðu.

Frv. WÐÞ o.fl., [51](#). mál (heildarlög). — Þskj. [51](#).

[11:46] [Lilja Rafney Magnúsdóttir \(Vg\)](#):

Herra forseti. Við höldum áfram umræðu þar sem frá var horfið í gær um frumvarp til laga um spilahallir. Sitt sýnist hverjum í því máli eins og í svo mörgum öðrum. Ég er ein þeirra þingmanna sem er mjög andsnúin þeim hugmyndum eða vilja sem þarna kemur fram til að reisa spilahallir með þá lagaumgjörð að löglegt sé að halda úti slíkri starfsemi, þ.e. að lögleiða heimild til reksturs spilahalla. Að mínu mati eru margar ástæður fyrir því að við Íslendingar eigum ekki að fara að feta þá slóð að bjóða upp á slíkt. Viljum við verða Las Vegas eða Mónakó norðursins? Nei, ég vil ekki sjá Ísland þróast í þá áttina.

Það kom fram í máli 1. flutningsmanns, hv. þm. Willums Þórs Þórssonar, að þetta væri góð viðbót við afþreyingu fyrir ferðamenn. Við vitum að í könnunum sem hafa verið gerðar hefur sýnt sig að ferðamenn koma fyrst og fremst til Íslands vegna náttúrunnar, yfir 80% ferðamanna koma hingað vegna náttúru landsins. Mér finnst engin ástæða til að við Íslendingar eltumst við það að vera með á boðstólnum spilavíti til að trekkja að eða lokka hingað þess konar ferðamenn eða að bjóða upp á slíkt til hliðar við ráðstefnuhald, mér finnst ekki þörf á því. Auðvitað dettur manni í hug ýmiss önnur starfsemi sem þrífst oftar en ekki í kringum spilavíti erlendis, vændi, jafnvel mansal og ýmiss konar glæpastarfsemi neðanjarðar sem virðist oftar en ekki verða eins konar hliðarbúgrein spilavíta, þótt auðvitað séu til undantekningar á því eins og öðru.

Í frumvarpinu er talað um að 21 árs og eldri verði heimilaður aðgangur að fyrirhuguðum spilavítum. Við þekkjum vel þann vanda sem margir glíma við í dag, spilafíkn. Spilafíkn er alvarlegt þjóðfélagsmein og ætla má að um 12 þús. Íslendingar eigi við einhvers konar sjúklega spilafíkn að glíma. Það hefur verið talað um að af þeim geti 4–5 þús. verið á aldrinum 16–20 ára. Mér finnst ekki á það bætandi. Við höfum lögleitt að vera með spilakassa sem félagasamtök hafa notið hagnaðar af. Við þekkjum hin venjulegu happdrætti sem eru í gangi og eru lögleg en það þarf ekki að bæta á þann vanda sem fyrir er, vanda einstaklinga sem eru með spilafíkn, með því að koma á fót löglegum spilavítum. Mér finnst það jafn fráleitt og að selja áfengi í almennum verslunum.

Vissulega er þetta svolítið á sömu bókinu lært, að frelsið eigi að vera til alls og ekkert hugsað um afleiðingar, ekki um manneskjuna, félagslegar afleiðingar eða lýðheilsu. Mér finnst þetta vinna gegn lýðheilsu í landinu. Ég skil það þannig að þessi ríkisstjórn hafi það á stefnuskrá sinni, í stjórnarsáttmála, að vinna að aukinni lýðheilsu í landinu og ég get ekki séð að lögleiðing spilavíta sé skref í þá átt.

Ég hlustaði á ræðu hv. þm. Willums Þórs Þórssonar í gær. Þar kom fram að í dag væru ýmiss konar spilaklúbbar með neðanjarðarstarfsemi sem ríkið fær ekki tekjur af og að gott væri að færa starfsemina upp á yfirborðið og að ríkið mundi hagnast á því. Mér finnst þvert á móti að ríkið eigi að herða reglur og taka fastar og harðar á þeirri starfsemi sem er til staðar en ekki segja: Þetta viðgengst og þá skulum við bara lögleiða það. Við gætum sagt það um margt annað sem er á gráu svæði og við viljum kannski ekki sjá grassera í landinu, að best sé að lögleiða það sama hvaða vitleysa það er. Það má vel vera að erfitt sé að koma í veg fyrir ýmiss konar spila- og veðmálastarfsemi og það sé að æra óstöðugan að halda að slík starfsemi verði nokkurn tímann upprætt, en við getum gert með þetta rétt eins og annað sem við höfum ákveðið að sé ólöglegt og unnið að því að halda því eins mikið niðri og mögulegt er og eflt til þess þau verkfæri sem ríkið hefur.

Það hefur líka verið vakin athygli á því að hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem var innanríkisráðherra á síðasta kjörtímabili, lagði fram lagafrumvarp með ítarlegri langtímaáætlun um hvernig koma mætti böndum á þann vágast sem spilafíknin er og hefur vissulega lagt líf margra einstaklinga og fjölskyldna í rúst.

Ég held að flestir þekki dæmi um að fólk hafi farið mjög illa út úr spilafíkn. Hugmyndin með frumvarpinu var að reisa skorður við spilastarfsemi og færa hana með tímanum inn í fyrirkomulag sem væri ekki eins áreitið og í annan stað að heimila takmörkun á netspilun í höndum innlendra aðila. Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga. Ég tel slæmt að það hafi ekki fengið afgreiðslu hér því að við eigum ekki að gefast upp á því að glíma við afleiðingar spilafíknar og ólöglegs fjárhættuspils, sem viðgengst bæði í neðanjarðarhagkerfinu, ef maður getur orðað það þannig, og á netinu.

Við Íslendingar erum oft feimin við að vera öðruvísi en aðrir. Við vísum oft til þess að þetta sé leyfilegt í Danmörku og að vítt og breitt um heiminn þyki þetta eðlilegur hlutur. En er ekki allt í lagi að við séum ekki nákvæmlega eins og allir aðrir í efnunum eins og þessum ef við teljum ekki að þetta geri Ísland eftirsóknarverðara eða mannlífið betra, heldur auki frekar á þann vanda sem fyrir er varðandi spilafíkn?

Ég vona að þetta mál fái góðar umsagnir og að horft verði á það þeim augum að við séum þar að taka mjög stórt skref frá því sem hefur þótt eðlilegt á Íslandi, sem er að leyfa ekki fjárhættuspil. Við tókum mjög stórt skref ef þetta frumvarp verður samþykkt. Það lítur kannski sakleysislega út og eins og það sé fyrst og fremst til þess skapa fjölbreytni í affreyningu fyrir ferðamenn allt árið um kring. Það er hægt að horfa á þetta með þeim gleraugum og horfa ekki á neinar hliðarverkanir eða það sem við köllum yfir okkur í þeim efnunum.

Eins og ég sagði í upphafi finnst mér alls ekki að Ísland eigi að skreyta sig með þeim fjöðrum að geta boðið upp á spilavíti á borð við þau stærstu sem við þekkjum og eru ímynd spilavíta, eins og eru í Las Vegas og í Mónakó. Það getur enginn sagt mér að kringum slíkt eigi ekki eftir að þrífast alls konar starfsemi sem við erum ekki þar hrifin af að fá, eins og glæpastarfsemi, vændi, mansal og ýmislegt sem þýðir ekkert að loka augunum fyrir að fylgir starfsemi og er eitthvað sem við berjumst stöðugt við og beitum öllum ráðum til að koma í veg fyrir.

Ég óttast að sá hópur sem er veikastur fyrir eigi eftir að verða viðskiptavinur spilavítanna. Ég heyrði á máli hv. frummælanda að einstaklingar gætu óskað eftir því við spilavítið að það setti sig á bannlista. Ég sé ekki alveg fyrir mér hvernig það virkar í raun. Mundi virka fyrir alkóhólista að óska eftir því við starfsmenn vínbúðanna að vera settur á bannlista? Ég held að það sé mikil draumsýn að halda að það virki sem slíkt.

Í frumvarpinu er talað um að koma eigi með ýmis úrræði fyrir spilafíkla og vinna gegn henni með forvörnum og öðru. Til hvers að koma einhverju á sem eykur vandann og leggja síðan til að auka fjármuni til að koma í veg fyrir vandann sem skapast ef hægt er að draga úr vandanum með því að lögleiða ekki slíka starfsemi? Það ætti frekar að setja frekari hömlur og skýrari lagaumgjörð og heimildir lögreglu til að halda því sem nú er í gangi varðandi spilakassana og þau fjárhættuspil sem eru leyfð í dag, það má kannski ekki orða það þannig, en flokkahappdrætti og annað sem er leyft í dag, að setja utan um það strangan ramma og gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir spilafíkn. Það sem er í boði á netinu í dag er auðvitað heill frumskógur og ekki fyrir venjulegt fólk sem ekki þekkir þann heim að átta sig á því hvernig sá frumskógur er í raun og veru og að hægt sé að spila aleiguna frá sér á augabragði.

Ég vona að þær skynsemisraddir heyrast, bæði á Alþingi og úti í þjóðfélaginu, að þetta sé ekki sú viðbót í samfélagið sem við þurfum á að halda á þessum tímum heldur þvert á móti og að við séum ekki áfjád í að fá hingað ferðamenn sem telja þetta vera það sem þeir þurfa til að eyða tíma sínum á Íslandi, heldur sé það náttúra Íslands sem laði þá að. Við þurfum að byggja upp innviði og gera landið í stakk búið til að taka við auknum ferðamannastraumi.

[12:01] [Helgi Hrafn Gunnarsson \(P\)](#)_(*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir eitt í ræðu hv. þingmanns; ég sé enga sérstaka þörf fyrir spilahallir. Ég sé enga sérstaka þörf fyrir þetta frumvarp. Ég hef mína gagnrýni á frumvarpið sem ég mun koma að á eftir. En ég verð að segja fyrir mig að það sem mér finnst líkt með þessu máli og áfengismálinu sem við

tölum stundum um er að ég upplifi fyrst og fremst að ég styðji málið þegar ég heyri andstæðinga þess tala, vegna þess að málflutningurinn einkennist af því sem hv. þingmanni þykir kannski vera uppnefni, þ.e. forræðishyggju. Það er munur á því að hugsa um fólk eða að hugsa fyrir fólk.

Málflutningurinn virðist einkennast af því í meginatriðum að fólki sé ekki treystandi til þess að stunda þetta eða hitt og að þetta sé óhollt. Vissulega getur maður farið sér að voða af ýmsu í þjóðfélaginu. Telur hv. þingmaður að það sé hlutverk yfirvalda að passa að ekkert sé heimilt í landinu sem gæti komið einhverjum í voða? Er það afstaðan? Ef svo er vil ég bara minna hv. þingmann á að í frjálslyndu, vestrænu samfélagi, svokölluðum vestrænum lýðræðisríkjum, snýst lífið ekki bara um hollustu, það snýst líka um frelsi. Það skiptir máli. Það er ekki einhver afgangsstærð sem lýðheilsa á alltaf að trompa vegna þess að ef við förum í þá átt þá verður ekki neitt frelsi eftir. Það er bara þannig í lífinu að flest eða mjög margt í það minnsta sem er skemmtilegt er líka hættulegt. Það er engin mótsögn þar. Það þýðir ekki að við eigum að loka fyrir allt sem er á einhvern hátt skaðlegt. Ég verð að gagnrýna sérstaklega málflutninginn um hvort hér eigi allt að verða eins og í Las Vegas eða Mónakó.

Virðulegi forseti. Það eru ekki einu borgirnar í heiminum þar sem spilahallir eru leyfðar. Af hverju er hv. þingmaður ekki með Helsinki eða Tórontó á listanum? A þetta að vera jafn ógurlegt og í Helsinki? Jafn ógurlegt og í Tórontó? Málflutningur hv. þingmanns þykir mér grafa undan málstað þeirra sem eru á móti málinu. Þá ítreka ég, virðulegi forseti, ég er ekki einu sinni algerlega hlynntur málinu sjálfur.

[12:03] [Lilja Rafney Magnúsdóttir \(Vg\)](#) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, frelsi eins getur verið helsti annars, það er nú bara þannig. Í síðuðu samfélagi setjum við okkur auðvitað ótalreglur, bæði siðferðislegar og lagalegar reglur sem við vinnum svo með og viljum vinna með. Ef hugmyndafræði hv. þingmanns væri opin út í eitt varðandi svona mál, að við mundum þá ekki hefta eitt eða neitt og hefðum ekki neinar forvarnir, allt sem byrjar á for-; forræðishyggja, forvarnir og annað því um líkt — við getum auðvitað teygst það í allar áttir. En einhvern veginn kemur samfélag sér saman um ákveðnar reglur, um það sem það vill hafa til þess að samfélagið sé sem best og til þess að þar þrífist gott mannlíf og að menn geri ekki á rétt annarra og allt eftir því.

Spilahallir eru eitt af því sem ég tel ekki vera þörf fyrir. Það kallar ekkert á að þær þurfi að vera til staðar. Við höfum getað lifað ágætislífi á Íslandi án þess að slíkt væri í boði. Mér finnst það vera minnimáttarkennd að tala þannig að fyrst að eitthvað slíkt sé leyft í Tórontó, Helsinki eða hvaða borgum sem er, sé það sjálfsagður hlutur að við þurfum að draga það hingað upp á okkar eyju, að slíkt þurfi að vera í boði hérna.

Það allt í lagi að ekki sé allt í boði hérna sem býðst annars staðar. Það er ekki neitt hættulegt við það. Við getum bara ákveðið það sem samfélag og lifað hér góðu lífi. Ég sé ekki mikla þörf á að lögleiða spilavíti á Íslandi. Það getur vel verið að þáttar sjái mikla þörf á því. Þá verða þeir bara að útskýra það.

[12:06] [Helgi Hrafn Gunnarsson \(P\)](#) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði í fyrra andsvari að ég væri sammála hv. þingmanni um að ég sæi ekki þá þörf fyrir spilahallir. Ég sagði það. Ég ætla að biðja hv. þingmann um að vera ekki að ýja að því að ég sjái þá þörf fyrir slíkt þegar ég er búinn að segja mjög skýrt að ég sjái hana ekki. Fyrir mér snýst þetta ekki bara um þarfir. Ég er bara ekki þeirrar skoðunar að það eigi einungis að vera heimilt í mannlegu samfélagi sem þörf er fyrir. Mér finnst lífið vera meira og merkilegra en það.

Hv. þingmaður nefnir hér að frelsi eins geti verið helsti annars. Auðvitað getur það verið þannig, en eru það afleiðingarnar af þessu frumvarpi? Nei. Ræða hv. þingmanns gekk í meginatriðum út á það að fólk gæti ekki treyst sjálfu sér fyrir þessum spilum. Það er ekki brotið á rétti hv. þingmanns eða þess sem hér stendur með því að leyfa einhverjum öðrum að fara inn í spilahöll eða reka eina slíka. Þetta er ekki sú tegund af frelsi sem heftir frelsi annars. Þetta er einfaldlega ekki slík tegund af frelsi.

Sömuleiðis endurspeglar svar hv. þingmanns enn fremur gifurýrðatilhneigingu, að vera alltaf að ýkja málstað andstæðingsins og færa út í því líkar öfgar að það finnst varla lengur sá maður sem stendur fyrir það sem hv. þingmaður gagnrýnir. Ég sagði ekki að allt ætti að vera heimilt. Mér finnst það bara ekki heiðarlegt, með fullkominni virðingu gagnvart hv. þingmanni, að láta eins og ég eða nokkur maður hafi verið að segja það. Í frumvarpinu eru gríðarlegar hömlur lagðar á starfsemina. Ástæðan fyrir því er sú að hv. flutningsmenn sjálfir eru ekki þeirrar skoðunar að allt eigi að vera heimilt eða að hér eigi hlutirnir að vera eins og í Las Vegas eða Mónakó.

Það á að vera augljóst, virðulegi forseti. Mér þykir það grafa undan málstað hv. þingmanns að sýna hlutina alltaf í ýktri mynd og gagnrýna hana síðan. Það eru stundum kölluð strámannsrök. Sömuleiðis verð ég að segja að það fer hreinlega í taugarnar á mér að hér segi hv. þingmaður að ég sé líka á móti forvörnum. Forvarnir eru aðalatriðið, bæði í þessu og þegar kemur að áfengisfrumvarpinu. Allur málflutningur minn um áfengisfrumvarpið hefur sýnt fram á það, tel ég.

[12:08] [Lilja Rafney Magnúsdóttir \(Vg\)_\(andsvar\):](#)

Herra forseti. Mér þykir hv. þingmaður vera óþarflega viðkvæmur fyrir því sem ég sagði í ræðu minni. Ég dreg auðvitað fram hina hliðina alveg eins og hv. þingmaður dregur fram þá hlið að ekki eigi að banna slíka hluti þó að ekki sé endilega þörf fyrir það. Auðvitað mun ég draga fram í máli mínu neikvæðu hliðarnar á þessu máli. Þegar hv. þingmaður talar um að það skaði engan að hafa slíkt þá tel ég það bara skaða til dæmis fjölskyldustefnu á Íslandi, við vitum að það eru um 12 þúsund spilafíklar í landinu, ef ekki fleiri. Hvað ætli það hafi nú haft mikil áhrif á fjölskyldulíf og framfærslu fjölskyldu þegar annar aðilinn, oftast en ekki er það nú karlmaðurinn þó að hitt sé nú líka til, er búinn að spila rassinn úr buxunum og í raun búinn að veðsetja allt sem til er, fólk hefur misst húsnæði sitt og fleira bara vegna þess sem nú er leyft varðandi spilakassana? Ég er ekkert að kokka það upp fyrir hv. þingmann, það er bara veruleiki sem hægt er að taka dæmi um. Fólk sem þekkir til í þessum efnum veit að það er sannleikur.

Þess vegna segi ég: Við eigum að búa til lagaumgjörð sem þrengir það sem nú er búið að leyfa. Helst vildi ég banna þá spilakassa sem nú eru leyfðir, en við eigum ekki að fara að opna á að hér séu rekin löglega spilavíti í landinu. Mér finnst það algjörlega fyrir neðan allar hellur að við gerum það, og það kannski í skjóli þess að það sé svo gott fyrir aukinn ferðamannastraum til landsins. Ég vil forgangsraða öðruvísi og hugsa fyrir það fólk í landinu sem er með spilafíkn og þarf að vinna í því með fjölskyldu sinni. **(HHG: Fyrir það?)**

[12:10] [Flm. \(Willum Þór Þórsson\)_\(F\)_\(andsvar\):](#)

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Lilju Rafneyju Magnúsdóttur fyrir ræðu hennar. Það kom svo sem alveg hreint fram í ræðunni að hún væri andsnúin hugmyndinni, en síðan var málflutningurinn mikið til í kringum þann vanda sem sannarlega er og er kallaður spilavandi sem getur fylgt þessari starfsemi. Alvarlegasta mynd spilavanda er spilafíkn. Í andsvörum milli hv. þingmanna Helga Hrafns Gunnarssonar og Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur kom fram að spilað

væri víða, reyndar var ekki nefnt að þetta væri til í Stokkhólmi, þ.e. í sænska ríkinu, af því að hv. þingmaður vill halda hér einokunarverslun á áfengi, og af því að hv. þingmaður sagði að við vildum ekki að hér yrði Las Vegas eða Mónakó norðursins með því að lögleiða þetta.

Ég ætla að ítreka, sé ástæðu til þess, að verið er að lögleiða þetta á grundvelli leyfisveitingar. Það er verið að beita þeirri sömu aðferð og hv. þingmaður mælir með í áfengisfrumvarpinu, einokun, til þess að hafa einhvern hemil á og vinna gegn skaðlegum áhrifum og nota bene, spilavandi er hluti af þessu. Það eru ekki allir sem spila sem eiga í þeim skilgreinda vanda, sem okkur reynist mjög erfitt að ná utan um vegna þess að þetta fer allt meira og minna fram utan laga og réttar. Ég vil jafnframt taka fram að það er í engu verið að breyta hegningarlögum gagnvart því hvaða starfsemi verður áfram ólögmet. Það eru skýr skilaboð með þessu frumvarpi um hvað er lögmett og hvað ekki. Þess vegna er mun meiri möguleiki á að hafa eftirlit með starfseminni, aðstoða þá sem eiga í vanda og vera með upplýsingar um hver vandinn raunverulega er.

[12:12] [Lilja Rafney Magnúsdóttir \(Vg\)](#) *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkar á milli er grundvallarskoðanamunur í þessu máli. Það er voða erfitt að nálgast það út frá því að betra sé að hafa þessa starfsemi undir opinberu eftirliti og hún sé með rekstrarleyfi og allt fari eftir lögum og reglum. Þess vegna sé verið að búa þannig umgjörð um starfsemina að hún verði ásættanleg. Ég er bara ekkert hlynnt því að verið sé að leyfa slíka starfsemi. Ég get ekki samsamað það því að Áfengisverslun ríkisins sé með einkaleyfi á sinni sölu, að þá sé þetta mál þannig vaxið að sambærilega eigi ríkið að opna á það, gera það löglegt og hafa það rekstrarskylt með tilheyrandi leyfum. Ég er bara ekki stödd þar í málflutningi mínum að ég telji að það sé framfaraskref að gera það.

Ég viðurkenni að vandinn er fyrir hendi. Hér þrífst ýmis starfsemi og eins og komið hefur fram í fjölmiðlum nýlega hefur lögreglan verið að uppræta spilavíti. Það er auðvitað mjög slæmt og það er eins og með önnur lögbrot sem framin eru að þá verður auðvitað að halda áfram að vinna gegn þeim og reyna eins og hægt er að koma í veg fyrir ólöglega starfsemi.

Ég tala bara út frá minni samvisku og skoðunum mínum, mér finnst svona starfsemi vera mannskemmandi. Ég verð að segja það alveg eins og er. Talandi um að ekki séu allir spilafíklar, menn eru það kannski ekki í upphafi en þeir verða það.

[12:15] [Flm. \(Willum Þór Þórsson\)](#) *(F)* *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að grípa niður í síðasta andsvar hv. þingmanns varðandi það að hv. þingmaður sé ekki stödd þar að þetta sé eitthvað sem eigi að heimila og um þá samlíkingu við einokun sem er sannarlega hluti af lýðheilsustefnu. Ég ætla að taka dæmi af Svíþjóð.

Svíar skilgreina spilastarfsemi sem lýðheilsumál, þ.e. þann hluta sem snýr að skilgreindum spilavanda, að þá eiga um 2% þeirra sem spila við fíkn að stríða. Það er um það bil sama hlutfall og er hér samkvæmt því sem Daníel Ólafsson, dósent við Háskóla Íslands, hefur komist að með því að fara fram með spurningakannanir. Það er erfitt að nálgast viðfangsefnið nákvæmlega en það er engu að síður sama hlutfall þrátt fyrir það að í lýðheilsustefnu Svíþjóðar fari þeir einokunarleiðina, ekki ósvipað og við förum hér í áfengismálum. Þetta er því bara hluti af lýðheilsustefnu að horfa þannig á þrátt fyrir að hv. þingmaður sé ekki stödd þar.

Umræða hefur verið um tilganginn, að við þurfum bara ekkert á þessu að halda, og það er auðvitað kjarni málsins. Af hverju erum við að þessu? Við erum með frumvarpinu að reyna að bæta umgjörðina um þessa starfsemi. Það er nú kannski lykilatriðið í þessu, að með því að heimila hana á grundvelli leyfisveitinga er hægt að vinna gegn þeirri starfsemi sem þrífst í undirheimum, ég tala nú ekki um ef við hefðum hugrekki til að takast á við það sem fer fram á netinu. Við bönnum það og trúum því bara að það sé ekki til. En við skulum taka þetta í litlum skrefum og byrja þarna.

[12:17] [Lilja Rafney Magnúsdóttir \(Vg\)](#) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður talar um að Svíar skilgreini þann hluta spilavítanna sem snýr að spilavanda sem lýðheilsumál. Það er auðvitað ekkert skrítið. Spilavandi er lýðheilsumál, en með því að setja á stofn lögleg spilavíti er verið að auka á þann vanda. Erum við ekki að tala um að reyna að draga úr þeim spilavanda og spilafíkn sem er vissulega lýðheilsumál? Vinnum við ekki gegn því með því að draga úr vandanum, frekar en að spýta í? Hér er bara verið að spýta í alveg eins og verið er að spýta í gagnvart þeim vanda sem hlýst af áfengisneyslu með því að fara að bjóða áfengi í allar verslanir landsins. Hérna er verið að auka vandann og draga síðan upp úr hatti sínum góð markmið um að vinna eigi að lýðheilsu- og forvarnastörfum og hjálpa fólki sem eiga í slíkum vanda. Er ekki rétt að draga úr vandanum frekar en að auka hann og ætla sér svo að fara að vinna gegn honum? Ég hefði haldið að það væri frekar lýðheilsu- og forvarnarmarkmið, eins og það sem snýr að íþróttahreyfingunni að vinna þar með jákvæðum formerkjum að uppbyggingu ungmenna og að lifa heilbrigðu lífi. Ég get ekki flokkað það uppeldislega séð að hægt sé að skilgreina þetta, það er ekki neitt sérstaklega heilbriggt líferni að stunda fjárhættuspil. Ég get ekki skilið það. En við hv. þingmaður erum ekki stödd á sama stað í þessu máli. Hver verður að hafa sitt í þeim efnunum. Ég tala bara fyrir ólíkum sjónarmiðum og tala fyrir því að þetta sé ekki gott inn í íslenskt samfélag.

[12:19] [Haraldur Einarsson \(F\)](#):

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins til að blanda mér í þessa umræðu. Eins og sést á þessu frumvarpi til laga um spilahallir þá er ég meðflutningsmaður á því og ég tel þetta vera gott markmið, að minnsta kosti gott tilefni til að eiga umræðu um hvernig við viljum sjá umgjörðina um það sem við köllum spilahallir eða spilavíti eða aðra spilastarfsemi sem vissulega þrífst á Íslandi. Því miður eins og komið hefur fram í umræðunni þá er erfitt að eiga við hana. Hún þrífst neðan jarðar. Hún er bönnuð og er án alls eftirlits.

Það sem lagt er til í frumvarpinu er hins vegar að það verði strangt eftirlit með spilahöllum. Það er ekki rétt eins og komið hefur fram í umræðunni að hér sé verið að opna allt upp á gátt og búa til Las Vegas norðursins. Þessi starfsemi fer eftir ströngum rekstrarleyfum eftir umsögn og leyfi ráðherra. Þeir sem fá slíkt rekstrarleyfi þurfa að uppfylla allar þær kröfur og reglugerðir sem settar eru því annars er hætta á að missa leyfið. Það verður hægt að setja spilarreglur um hvert eitt spil. Við getum takmarkað þau spil sem eru í boði. Við getum haft áhrif á framkvæmd spilanna.

Í 22. gr. er kveðið á um öryggisgæslu og opnunartíma í 23. gr. Við gætum með reglugerð takmarkað hvers lags áfengisnotkun eða ýmislegt annað ef það væri vandamál inni á slíkum stöðum. Við erum langt frá öllu þessu í dag og fjarri því að geta stjórnað spilastarfsemi þannig að hún verði ekki óeðlileg eða að minnsta kosti að draga úr því sem við viljum kalla óeðlilega spilastarfsemi.

Ég ætla að grípa niður í nokkrar fleiri greinar í frumvarpinu og heiti þeirra. Það er bann við spilamennsku starfsmanna og móttöku gjafa frá viðskiptavinum. Ein grein fjallar um að ef viðskiptavinur er grunaður um spilafíkn er skylda að aðstoða hann eða kynna honum ráðgjöf eða meðferðarúrræði. Langir kaflar eru

um eftirlit og refsingu þeirra sem stunda þessa starfsemi. Það verður settur á forvarnasjóður og sérstakur spilaskattur. Þarna held ég að sé lykillinn að því að við getum reynt að aðstoða það fólk sem vissulega á við spilavanda að stríða. Það skiptir engu máli hvort þessi starfsemi verður lögleidd á einum stað eða hvort hún þrífst einhvers staðar annars staðar; það verða alltaf einhverjir sem ráða ekki við sig þegar kemur að spilum. Þarna held ég að við séum að búa til tækin til að hjálpa því fólk. Í fyrsta lagi, með því að þessi starfsemi verði opinber og eftirlitsskyld, fáum við upplýsingar sem við getum notað til þess að hjálpa fólk. Í öðru lagi fáum við forvarnasjóð til þess að geta komið fólk í viðeigandi úrræði, fyrir utan að þetta gefur gríðarlegar tekjur ef við miðum við þau lönd sem hafa farið þessa leið.

Ég hef farið stuttlega og hratt yfir þetta frumvarp til laga um spilahallir, en ég er þó með nokkrar hugleiðingar í viðbót. Mig langar til að lesa upp markmiðsgrein frumvarpsins, þ.e. markmiðið með spilahöllum, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að heimila starfsemi spilahalla á Íslandi á grundvelli leyfisveitingar ráðherra. Enn fremur er það markmið laga þessara að starfsemi spilahalla á Íslandi fari fram undir opinberu eftirliti og henni verði sett almenn lagaumgjörð. Þannig skal stuðlað að ábyrgri spilamennsku á Íslandi, allsherjarreglu haldið uppi og hamlað gegn skaðlegum áhrifum á almenning.“

Ég held að þetta sé nákvæmlega það markmið sem við ættum að vinna að með einum eða öðrum hætti varðandi spilafíkn. Ég held að þetta sé mjög gott fyrsta skref.

Mikið er búið að tala um áhrif ferðamennsku á svona starfsemi og ég held að það sé rétt að þetta muni hafa jákvæð áhrif á ferðamennsku. Í skýrslu Boston Consulting Group um ferðamennsku á Íslandi sagði að það vantaði afþreyingu fyrir eldra fólk. Ég held að margt eldra fólk mundi nýta sér svona í sambandi við ráðstefnuhald.

En að því sögðu þá eru spil afþreying. Spil eru afþreying og ekki bara fyrir ferðafólk. Þessi afþreying er gríðarlega stækkandi á Íslandi. Ég ítreka að spilahallir eru ekki bara afþreying fyrir ferðafólk eða afþreying fyrir spilafíkla. Þetta er líka afþreying fyrir venjulegt fólk sem ræður við þetta og finnst gaman að stunda slík spil án þess að setja fjárhag sinn í vandræði. En ég ætla þó ekki að gera lítið úr því að við þurfum, eins og ég er búinn að nefna, að hjálpa því fólk sem lendir í vandræðum og ég held að þetta sé tæki til þess.

Ég er aðeins búinn að fara yfir reglurnar í dag og þær eru þannig að í dag er þetta bannað og varðar við hegningarlög. Við höfum engin tæki til þess að hjálpa fólk sem á við spilafíkn að stríða. Í heiminum í dag eru eitthvað um 20 milljónir manna, ef ég hef haft rétt eftir, sem spila póker á netinu. Ég kem kannski aðeins að netinu á eftir en frumvarpið tekur ekki á því.

Ég velti fyrir mér í morgun að ef ég legði pening undir í póker og spilaði póker við annað fólk þá væri það fjárhættuspil. Ef ég mundi leggja pening undir í skák væri það líklega fjárhættuspil líka. Í dag eru peningar lagðir undir í fótbolta og líklega er það flokkað sem fjárhættuspil en það er leyfilegt. Við leyfum þess lags fjárhættuspil í dag. Fleira sem mundi flokkast undir fjárhættuspil væri bingó og lottó. Þar er hægt að tapa öllum peningunum sínum á því að veðja í lottó.

Virðulegi forseti. Ég hef farið stuttlega yfir efni frumvarpsins og ég held að markmið þess sé mjög gott. Við sjáum það í öðrum löndum að það hefur reynt betur en hitt við að reyna að vinna á þessum vanda að reyna að koma þessari starfsemi upp á yfirborðið.

Ég ætla að nota síðustu mínúturnar af ræðutíma mínum til þess að tala um spil á netinu í dag. Ég hef fengið kynningu á því að það eru þó nokkur nýsköpunarfyrirtæki á Íslandi, íslenskt hugvit, sem eru að þróa og hanna búnað fyrir veðmálastarfsemi og fyrir póker. Þessi fyrirtæki verða að flytja starfsemi sína út úr landi af því að þetta er bannað hérna. Þetta eru fyrirtæki sem verða gríðarlega öflug. Það eru miklir peningar í þessu. Í staðinn fyrir að þessi fyrirtæki

geti verið íslensk áfram og við getum sótt til þeirra upplýsingar og haft hag af starfsemi þeirra þá sendum við þau út úr landi og töpum bæði tekjum af þeim og upplýsingum sem þau geta gefið okkur.

Aðeins meira um netið af því að það var nefnt hér í gær af hv. þm. Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur að hún mundi vilja sjá að íslensk fyrirtæki væru með svona spil á netinu. Þar er ég henni alveg hjartanlega sammála. En hvernig komumst við þangað? Hvernig getum við látið íslensk fyrirtæki hýsa slíka starfsemi, t.d. póker eða veðmálasíður í íþróttum eða hvað það er, án þess að leyfa hana? Ég sé fyrir mér að einokun ríkisins á spilahöllum gæti verið fyrsta skrefið í því að reyna að stýra einhvern veginn þessari umferð og þessu mikla peningamagni sem menn veðja á erlendum síðum, að þetta fari ekki bara út úr landi heldur getum við séð umfangið og reynt að stýra því. En stærsta spurningin í þessu og stærsta vandamálið er líklega netspilunin því við höfum fæst úrræði þar og aðilar hafa flestar undankomuleiðir fram hjá reglunum.

Ég ætla að láta staðar numið hér, hæstv. forseti.

[12:31] [Helgi Hrafn Gunnarsson \(P\)](#):

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp um spilahallir sem sumir uppnefna spilavíti. Það er svo sem aukaatriði að mínu mati hvað merkimiði er notaður, það er eðli málsins sem skiptir máli.

Ég vil taka fram í byrjun að enn sem komið er er ég ekki hlynntur þessu máli en það er ekki vegna þess að ég sé á móti því að til staðar séu spilahallir eða að fjárhættuspil séu heimil, heldur eru það fyrst og fremst útfærsluleg atriði sem ég geri athugasemdir við. En við erum hér í 1. umr. þannig að ýmislegt á eftir að koma í ljós, bæði skýringar og sjálfsagt fleiri vandamál sem við þurfum að takast á við í nefnd og í umræðum í þingsal.

Í þessari umræðu koma oft upp, eða reyndar alltaf, sambærileg sjónarmið við þau sem komu upp í áfengismálinu og koma upp þegar talað er um hluti sem eru á einhvern hátt óæskilegir almennt. Auðvitað eru fjárhættuspil óæskileg að ýmsu leyti og auðvitað er áfengisneysla óæskileg að ýmsu leyti. Hið sama má segja um vímuefni, ólögleg sem lögleg, og margt fleira í lífinu. Í því samhengi kemur oft upp sú orðræða sem að mínu mati er afskaplega ljót, en hún kom upp fyrir í dag og einkennist af mikilli forræðishyggju.

Nú hefur oft verið kvartað þegar einhver uppnefnir eitthvað forræðishyggju. Mér finnst það svipað þegar fólk sem aðhyllist forræðishyggju kvartar undan því að vera kallað forræðishyggjusinnar og þegar fólk sem er á móti útlendingum kvartar undan því að vera kallað rasistar Það virðist reyndar ekki vera tilfellið með þann hv. þingmann sem talaði fyrir í dag og allt í góðu lagi með það, en ég hef tekið eftir þessari tilhneigingu og mér finnst hún skrýtin. Forræðishyggjusinnar hljóta að geta viðurkennt að þeir séu forræðishyggjusinnar og ættu ekkert að eiga í neinum vandræðum með það ef þeir raunverulega trúa því sem þeir trúa.

Svo er kannski annað mál að þeir eiga erfðara með að rökstyðja málstað sinn öðruvísi en með því að gera öðrum upp skoðanir og orð sem aldrei hafa fallið úr þeirra munni.

Þegar kemur að þessum málum eru fleiri grundvallaratriði til staðar en einfaldlega lýðheilsa. Vissulega er hægt að færa rök fyrir því að það að setja lagaumgjörð utan um eitthvað sem er ólöglegt en stundað samt sem áður geti stuðlað að bættri lýðheilsu. En það eru önnur grundvallaratriði til staðar og þau eru mjög sambærileg þeim sem við ræðum í áfengisfrumvarpinu og það er einfaldlega hugtakið „frelsi“.

Frelsi er ekki lýðheilsุมál. Ef við ætlum að vera frjálst samfélag, sem ég trúi að við viljum í meginatriðum vera, ekki í öllum atriðum en í meginatriðum, þá þýðir það að lýðheilsusjónarmiðin geta ekki verið tromprök gegn öllu frelsi, það er bara bein lógísk afleiðing af því. Þannig að jafnvel ef þetta frumvarp leiðir af sér aukningu í andstöðu við lýðheilsu þá eru það ekki tromprök gegn málinu.

Það er mjög mikilvægt að hv. þingmenn á hinu háa Alþingi geti áttað sig á þessu, viðurkennt það og rætt opinskátt og heiðarlega. Á það við um alla, ekki einungis þá sem eru með frumvarpinu eða á móti því. Frelsið skiptir máli. Og það skiptir ekki aðeins máli þegar það er hollt, það skiptir líka máli þegar það getur verið óhollt. Það eru ekki tromprök að nota lýðheilsu gegn frelsinu. Og ekki öfugt heldur, það eru ekki heldur tromprök að segja að frelsið skipti alltaf meira máli en lýðheilsa.

Í 1. umr. höfum við ekki mikinn tíma til að ræða málið mjög djúpt en mig langar að nefna örfáa heimspekilega kanta á því og sömuleiðis komast aðeins inn í frumvarpið efnislega eftir því sem ég get á þessum tíma.

Mér finnst ágætt að hafa í huga, vegna þess að fólk hefur eðlilega alltaf áhyggjur af börnum og unglingum og uppvaxtarárum manneskjunnar, að það eru ýmsar lexiur sem manneskja þarf að læra til þess að verða sjálfstæður einstaklingur á fullorðinsaldri. Mikið af þeim lexiúm eru sambærilegar. Ein af þeim er að maður þarf að passa sig á óhófi. Það er almenn lexía, ætti alla vega að vera það. Það ætti ekki að koma neinum á óvart að ef maður þarf að passa að borða ekki of mikla fitu þarf maður líka að passa að borða ekki of mikinn sykur. Ef maður á ekki að apa upp hegðun eftir einum sjónvarpsþætti eða kvikmynd á ekki að þurfa sérstaka lexíu eða sérstakt átak til að útskýra nákvæmlega sama punkt þegar kemur öðrum sjónvarpsþáttum eða öðrum kvikmyndum.

Þegar kemur að frelsinu á fólk og verður, sama hvað löggjafinn segir, að átta sig á því að það eru hættur sem fylgja því að búa í frjálsum samfélagi og að hver og einn einstaklingur verður, alveg sama hvað löggjafanum finnst, að axla ábyrgð á eigin hegðun gagnvart sjálfum sér og öðrum. Það er óhjákvæmileg lexía. Hún er ekki valkvæð. Við munum aldrei, vonandi aldrei í það minnsta, búa í samfélagi þar sem sú lexía verður á einhvern hátt ónauðsynleg vegna þess að hún verður einungis ónauðsynleg í umhverfi sem er ófrjálst og það er samfélag sem alla vega sá sem hér stendur hefur nákvæmlega engan áhuga á að búa í.

Að því sögðu er mikilvægt að forðast öfgar. Þetta frumvarp felur í sér mjög strangar reglur í kringum starfsemina, eðlilega. Það kemur fram í frumvarpinu að þær séu sérstaklega strangar fyrst um sinn á meðan verið er að prófa. Það þykir mér ábyrgt. Mér þykir ábyrgt af flutningsmönnum þessa frumvarps að hafa þetta þannig. Þetta er að miklu leyti mun strangara en ég hefði talið nauðsynlegt. En eins og kemur fram í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins skal endurskoða þetta eftir sjö ár. Þá búast flutningsmenn við samkvæmt greinargerð að frekar verði slakað á reglunum en að þær verði hertar. Mér þykir það ábyrg nálgun í því að heimila þetta. Ég verð að segja það.

Það er ýmislegt vel útpælt í frumvarpinu að mínu mati, svo sem öryggismálin, tengsl við eftirlitsmann og sömuleiðis er gert ráð fyrir fjármögnun forvarna, sem ég hygg að sé snyrtileg lausn til að fjármagna lausnina á vandanum í samhengi við vandann sjálfan. Mörgum þykir það ákveðin kaldhæðni, og jafnvel segja sumir hræsni þótt ég mundi ekki taka undir það, að nota eitthvað eins og fjárhættuspil til að fjármagna lausnir við því. Ég skil sjónarmiðið og ég skil tilfinninguna sem það vekur en ég verð samt að segja fyrir sjálfan mig að mér þykir það í raun og veru snyrtilegasta lausnin til að fjármagna svona hluti.

Það má nefna annan punkt sem ég átta mig enn þá ekki fyllilega á hvort sé hugsanlega í mótsögn við þetta, það getur verið. Sá punktur er að að mínu mati fjármögnun þeirrar hjálpar okkar sem við veitum hvert öðru með skattfé, með peningum. Við gerum það ekki með frelsi okkar. Ég skil mætavel og tel alla skilja mætavel þann samfélagslega skilning manna á því að við ætlum hafa heilbrigðiskerfi, við ætlum að hafa löggæslu og við ætlum að hafa réttarvernd og við ætlum að hafa hluti til að tryggja réttindi og helstu hagsmuni allra í landinu og við ætlum að gera það með því að borga skatta. Það er samkomulagið sem mér sýnist samfélagið hafa gert. Þannig er samkomulagið eins og ég hef alltaf skilið það.

Hins vegar laumast oft með inn í þetta samkomulag að við ætlum að hafa heilbrigðiskerfi og löggæslu og réttarvernd o.s.frv. að því gefnu að allir lifi rosalega heilbrigðu lífi. Það er samkomulag sem sá sem hér stendur er ekkert til í. Við fjármögnum samneysluna með peningum, ekki með því að hindra fólk í að gera það sem það vill í eigin lífi. Að sjálfsögðu hindrum við fólk í að hafa ýmis áhrif á líf annarra, enda er þá ekki lengur um hreint einstaklingsfrelsi að ræða.

Að því sögðu þykir mér ýmislegt við þetta frumvarp svolítið skrýtið og hlakka til að ræða það betur í nefnd. Eitt af því sem mér þykir hvað óþægilegast við það er bráðabirgðaákvæði um að einungis eitt leyfi skuli vera heimilt samkvæmt þessum lögum. Það er rökstutt með því að ekki sé endilega rekstrargrundvöllur fyrir meira en eina spilahöll á Íslandi. Sjálfsagt er það satt, en mér finnst það hins vegar ekki vera ástæða til að setja það sérstaklega í lög. Ef samkeppnin mundi tortíma þessum markaði þætti mér það allt í lagi vegna þess að ég sé enga þörf fyrir þetta. Ég sé enga þörf til að banna þetta en ég sé enga þörf fyrir að hafa það heldur. Þess vegna átta ég mig ekki alveg á því hvers vegna virðist endurspeglast í þessu frumvarpi á fleiri stöðum það sérstaka markmið að passa að þessi starfsemi gangi fjárhagslega. Mér finnst það ekki vera hlutverk löggjafans. Ef þetta gengur ekki upp þá gengur það ekki upp. Mér finnst það allt í lagi.

Það er fleira sem mér finnst skrýtið við hitt bráðabirgðaákvæðið, eða vil öllu heldur nefna það til umhugsunar. Það er að þar er kveðið á um að þetta skuli endurskoðað eftir sjö ár en leyfið gildir hins vegar til 15 ára. Ég hugsa að það komi betur fram í samtölum við sérfræðinga í nefnd hvernig nákvæmlega þetta eigi að virka en mér finnst rétt að taka það fram. Það er þarna 15 ára leyfi þótt lögin gildi einungis í sjö ár óendurskoðuð. Það er reyndar kannski ekki alveg rétt orðað hjá mér, en sem sé að lögin beri að endurskoða eftir sjö ár.

Í 6. gr. frumvarpsins eru fjórir töluliðir sem ég hef staldrað heldur við. Fyrst er það 1. töluliður þar sem kemur fram að eitt af skilyrðum fyrir leyfi sé að um sé að ræða hlutafélag eða einkahlutafélag. Ég velti fyrir mér hvers vegna. Af hverju má þetta ekki vera sjálfseignarstofnun eða góðgerðarsamtök? Ég skil ekki af hverju þetta þarf.

Í 4. málslíð er kvöð um að leyfishafi skuli vera fær um að reka spilahöll á ábyrgan hátt, m.a. hafa fjárhagslega burði til þess að reka spilahöll og hafa yfir að ráða alþjóðlegri reynslu af rekstri spilahalla. Það að hafa fjárhagslega burði til þess skil ég mætavel, vegna þess að spilahöllin þarf að geta staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum, notendum. Hins vegar átta ég mig ekki á því hvers vegna viðkomandi ætti að þurfa að hafa alþjóðlega reynslu af rekstri spilahalla. Sömuleiðis velti ég því fyrir mér hversu margir aðilar geti hugsanlega komið til greina.

Mér þykir heldur óþægilegt við þetta frumvarp, verð ég að segja, að mér sýnist sem afskaplega fáir aðilar geta uppfyllt þessi skilyrði, sér í lagi með hliðsjón af því að einungis er heimilt í frumvarpinu tað veita eitt leyfi. Þá sé ég fram á að þetta verði mikið einokunarmál og þá þarf ég að fara að velta fyrir mér hvort það sé yfir höfuð gott að þetta sé á einkamarkaði eða hvort við ættum að hafa hér ríkisspilahöll, sem er hugmynd sem mér hugnast ekkert endilega betur.

En þetta eru vangavelturnar mínar sem vakna við lestur þessara ákvæða í frumvarpinu, sem ég hygg að muni leiða til einokunar á markaðnum.

Þá má einnig nefna að það er heimild síðar í frumvarpinu til að taka aðgangseyri og í einokunarstöðu hef ég áhyggjur af því að sú einokunarstaða yrði misnotuð hvað það varðar, vegna þess að ég hygg að hinn frjálsi markaður gangi einungis upp með þeim mekanismum í hinum svokölluðu kapítalísku kenningum sem stóla á samkeppni.

Í 5. tölulið 6. gr. er einnig tekið fram að leyfishafi skuli hafa yfir að ráða nægilegum fjölda ferðamanna þannig að rekstrargrundvöllur spilahallar sé tryggur. Það er tvennt sem ég skil ekki í þessu. Annars vegar hvers vegna frumvarpið hefur það að sérstöku markmiði að tryggja rekstrargrundvöll spilahallar. Af hverju má hún ekki fara á hausinn ef hún gengur ekki upp? Hins vegar hvers vegna það þurfi að byggjast á ferðamönnum. Ég hygg að spilahallir eigi heldur auðvelt með að skila hagnaði, ef ég á að segja alveg eins og er. Ef ekki finnst mér það í raun og veru allt í lagi eða svo lengi sem það getur staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum, alla vega langflestum og langoftast. Það fylgir allri starfsemi fjárhagsleg áhætta fyrir alla sem taka þátt í hagkerfinu yfir höfuð.

Þá er í 7. lið heldur dæmigerð klausa sem ég vil gera athugasemd við en átta mig á því að kannski fleiri eigi erfiðara með að sammælast mér um. Það er kvöð um að viðkomandi hafi ekki gerst brotlegur við lög um ávana- og fíkniefni. Þetta kemur einnig fram í 29. gr. Mér finnst þetta ekki gott skilyrði vegna þess að lög um ávana- og fíkniefni varða einungis ólögleg ávana- og fíkniefni og þá er einhvern veginn alltaf gert ráð fyrir því að með því að gera efnið ólöglegt sé það sjálfkrafa eitthvað allt annað en löglegt vímuefni. En eitt af hættulegustu vímuefnunum í mannlegu samfélagi, á Vesturlöndum í það minnsta, er áfengi og það er löglegt. Það kemur hvergi fram í lögum að enginn megi hafa notað áfengi í tvær eða þrjár vikur eða lögreglan haft afskipti af þeim vegna þess.

Það eru alltaf ólöglegu vímuefnin. Það er gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á fólk sem eru það skaðleg að fólkið geti ekki gert neitt lengur en auðvitað á nákvæmlega sama við þegar kemur að áfengi og reyndar er áfengi að mörgu leyti, ef ekki flestu, mun verra. Ég bið áheyrendur að ímynda sér verstu tegundina af hinum svokallaða hasshaus og síðan verstu tegundina af hinni svokölluðu fyllibyttu. Það þarf ekki að velta því lengi fyrir sér hvort sé skaðlegra starfsemi og hagsmunum annarra.

Ég geri athugasemd við að í 21. gr. er 21 árs aldurstakmark. Ég get bara talað fyrir sjálfan mig, ekki samkvæmt neinni opinberri stefnu míns flokks, en mér finnst persónulega að þegar maður er orðinn 18 ára, þegar maður er orðinn fullorðinn, þegar maður er orðinn sjálfráða finnst mér að maður eigi raunverulega að vera sjálfráða. Mér finnst óþægilegt að maður verði sjálfráða og fjárráða 18 ára, megi ekki kaupa áfengi fyrr en maður er tvítugur og megi síðan ekki fara í spilahöll fyrr en maður er 21 árs. Ég skil alveg varkárna. Ég skil hana mætavel en mér finnst alveg þess virði að nefna þetta. Þegar maður er sjálfráða þýðir það væntanlega að maður eigi að ráða örlögum sínum, einkalífi sínu, ekki í lífi annarra en sínu lífi, í samræmi við það að vera orðinn fullorðinn einstaklingur. Mér finnst skjóta skökku við.

Í 24. gr. er heldur ítarleg skráningarskylda og reyndar er víðar í frumvarpinu mikið af skráningarskyldu sem ég mundi vilja staldra við. Aftur er þar um að ræða ákvæði sem ég skil mætavel. Þau eru að sjálfsögðu gerð í öryggisskyni, sem er alveg málefnaleg ástæða. En mér þykir þess virði að staldra þar við og íhuga hvort hún gangi hugsanlega lengra en þörf er á.

Nú hef ég ekki meiri tíma, virðulegi forseti, og lýk því máli mínu.

[12:47] [Flm. \(Willum Þór Þórsson\)_\(F\)_\(andsvor\)](#):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hrafni Gunnarssyni fyrir prýðisræðu og mjög gagnlega umfjöllun um málið. Ég er ekki viss um að ég geti um leið og ég spyr hv. þingmann brugðist við öllum þeim gagnlegu athugasemdum. Það verður viðfangsefni hv. allsherjar- og menntamálanefndar. En hv. þingmaður var ansi snjall að draga fram þau atriði sem eru vissulega oft erfið þegar verið er að setja slík lög.

Ég ætla þó í fyrra andsvari að byrja að koma almennt inn á málið af því að hv. þingmaður sagðist ekki vera hlyntur málinu, ekki á móti fjárhættuspilum eða spilahöllum en talar þó gegn forræðishyggjunni.

Finnst hv. þingmanni ekki æskilegt að slíkt val sé fyrir hendi? Hvort sem við erum að tala um heimamann eða ferðamann, af því að þetta er jú að hluta til miðað við afþreyingu í ferðapjónustu og er ýmislegt útskýrt í öðrum lagagreinum frumvarpsins. Er þetta ekki fyrst og fremst val?

En það eru auðvitað önnur sjónarmið uppi við samningu þessa frumvarps talandi um tilganginn með því. Það er að það sé skýrt hvað lögin heimila. Það er ekki nægilega skýrt í dag. Við viljum með frumvarpinu, eins og kemur vel fram í 1. gr. um markmiðin, stuðla að ábyrgri spilamennsku og að greinileg og skýr

skilaboð séu frá löggjafanum um hvað sé heimilt en ekki eitthvað órátt í hegningarlögum, samanber 183. og 184. gr. sem þó standa áfram. Það er kannski fyrsta spurningin, hvort þetta val eigi bara ekki að vera til staðar, hvort fólki (Forseti hringir.) hugnast að velja að fara inn eða ekki.

[12:49] [Helgi Hrafn Gunnarsson \(P\)](#) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er almennt þeirrar skoðunar að hlutirnir eigi að vera leyfilegir þar til þeir eru sérstaklega bannaðir. Þegar hlutirnir eru sérstaklega bannaðir þá tel ég að mjög rík rök þurfi að vera fyrir því.

Þá tel ég líka að ríkir almannahagsmunir eigi að vera fyrir hendi. Það er oft ekki tilfellið. Fólk ruglast oft á hagsmunum einstaklingsins sem hefur sjálfur val um sitt eigið líf annars vegar og hins vegar hagsmunum landsmanna sem verða fyrir barðinu á einhverjum afleiðingum af þeim reglum sem eru settar. Ég lít svo á að þarna sé mjög ríkur munur sem oft verði óljós á hinu háa Alþingi og reyndar í íslensku samfélagi almennt.

Til að svara hv. þingmanni finnst mér jú æskilegt að þetta sé leyfilegt. Gagnrýni mín á frumvarpið varðar fyrst og fremst útfærsluatriði og atriði sem varða kannski nálgunina á það, frekar en að ég sé ósammála markmiðinu í sjálfu sér, sem er að heimila spilahallir.

En almennt er ég frelsisins maður og tel til dæmis að fjárhættuspil eigi að vera heimil undir einhverjum reglum, en þó heimil, og það eigi að vera einhverjar mótvægisáðgerðir til að tryggja hagsmuni þeirra sem stunda fjárhættuspil. Sums staðar erlendis hafa verið settar reglur um lágmarksvinningshlutfall, þ.e. að ekki sé hægt að hafa 0% vinningshlutfall eða 0,0001% eða hvað svo sem mönnum dettur í hug, því að mönnum detta svona hlutir í hug og stundum virkar það. Maður þarf oft að spyrja sig hvenær þetta er beinlínis orðið svindl. Það er oft ekkert endilega einföld spurning.

Svarið er jú. Mér finnst að þetta eigi að vera leyfilegt og ég vona að eitthvert svona frumvarp nái fram að ganga og mun auðvitað leggja fram aðstoð mína við meðferð þingsins á málinu til að bæta það, enda veit ég að hv. flutningsmenn eru algjörlega viðræðuhæfir þegar kemur að því.

[12:51] [Flm. \(Willum Þór Þórsson\)](#) *(F)* *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hrafn Gunnarssyni fyrir svarið.

Ég ætla í seinna andsvari að koma að þeim fjölmörgu gagnlegu ábendingum sem hv. þingmaður kom að í ræðu sinni.

Í fyrsta lagi nefndi hv. þingmaður bráðabirgðaákvæðið um endurskoðun laganna innan sjö ára. Í öðru lagi að leyfi sem ráðherra heimilar sé 15 ár. Það er hárrétt, en ég ítreka að þetta er nánast þýðing á dönsku lögunum eins og þeir fara upphaflega af stað. Þá var miðað við þennan sjö ára tíma og sjá svo til hvernig gengi með þá starfsemi.

Síðan er verið að horfa á 15 árin. Þetta kallar á mikla fjárfestingu, háan fastan kostnað, eins og er einkenni oft og tíðum á svona starfsemi sem snýr að ferðþjónustu eða annarri slíkri starfsemi. Það er hár fastur kostnaður í fjárfestingunni og það þarf að horfa til lengri tíma.

Varðandi rekstrarformið er ég algjörlega sammála. Ég gæti vel séð fyrir mér, af því að Alþingi hefur farið þá leið að heimila á grundvelli sérлага ýmiss konar spilastarfsemi, að ágóðinn rynni út frá því sjónarmiði til góðgerðarmála. Ég get alveg séð fyrir mér samvinnu þeirra aðila sem eru þegar á þessum markaði undir einu þaki og við lokuðum til dæmis þeim stöðum þar sem söfnunarkassar eru og ekkert eftirlit, eða alla vega reyndum að tryggja betri umgengni og eftirlit þar sem þetta er (Forseti hringir.) úti um allan bæ og víða til vandræða að mér er sagt.

[12:53] [Helgi Hrafn Gunnarsson \(P\)](#) *(andsvor)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar sjö ára endurskoðunarákvæðið, bráðabirgðaákvæðið, þá skil ég mætavel að hv. flutningsmenn hafi farið eftir dönsku lögunum, enda ágætt að byggja á einhverju sem menn vita í meginatriðum hvernig virkar. Mér finnst það í sjálfu sér ekki endilega vera eitthvert aðalatriði að leyfið gildi til 15 ára en lögin endurskoðuð innan sjö ára, en mér finnst það vera eitthvað sem þurfi að vera á hreinu hvernig eigi að virka.

Til dæmis velti ég fyrir mér ábyrgðarleysi, vegna þess að við höfum ekki skoðað í nefnd enn þá hvort þetta búi til einhverjar réttmætar væntingar hjá þeim leyfisaðila sem mundi fá leyfið. Hvernig réttarstaða hans yrði þegar lögin væru síðan endurskoðuð. Ég hygg reyndar svona í fljótu bragði að það yrði ekki vandamál. Mér finnst bara mikilvægt að það væri á hreinu að það væri ekki vandamál og sjálfsagt að binda þann hnút einhvern veginn með góðum hætti.

Það sem ég hef í raun og veru meira að setja út á, og það kemur líka frá dönsku lögunum, er að það sé takmörkun á fjölda leyfa sem eru gefin út. Danmörk er auðvitað miklu stærra samfélag en Ísland og því miklu meira svigrúm fyrir fleiri leyfishafa. En að hér sé einungis svigrúm, samkvæmt flutningsmönnum frumvarpsins, fyrir einn aðila, það finnst mér vera vandamál. Ég tel að ef samkeppni mundi ganga af þessum iðnaði dauðum væri það lexía sem mundi ekki valda íslensku samfélagi neinu teljandi tjóni. Mér þætti það bara vera þau skilaboð að ekki væri markaður fyrir þessa starfsemi á Íslandi. Það væri mér líka alveg að meinalausu. Alveg eins og það er mér alveg að meinalausu að þetta sé starfrækt.

Ég sé ekki þörfina fyrir þetta í sjálfu sér. Mér finnst þetta snúast aðallega um grundvallarprinsippið að hlutirnir eigi að vera leyfilegir þar til þeir eru sérstaklega bannaðir.